

Neytendasamtökin

Efni: Afstaða til tollasamnings Íslands og Evrópusambandsins

- **Hver er afstaða ykkar til núverandi tollasamnings Íslands og Evrópusambandsins frá 2018?**
Neytendasamtökin telja að þeir samningar hafi verið til bóta en afstaða NS hefur alla tíð verið sú að sú mikla tollvernd sem verði hefur skaði hagsmuni neytenda með hærra vöruverði.
- **Hver er forsenda þeirrar afstöðu?**
Tollasamningarnir voru því mikilvægir, bæði til að auka fjölbreytni, auka samkeppni og stuðla að lægra vöruverði.
- **Ef breyta ætti samningnum, hvaða breytingar væru æskilegar?**
Neytendasamtökin hafa alla tíð talað fyrir auknu frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur og gagnrýnt þá hörðu verndarstefnu sem ríkt hefur hér á landi. Telja samtökin augljóst að hún hafi komið niður á neytendum með hærra vöruverði og minna framboði. Eðlilegt er að samkeppni ríki á þessu sviði sem og öðrum enda er samkeppni ein helsta trygging neytenda fyrir lægra vöruverði. Samtökin voru því mjög jákvæð gagnvart tollasamningnum sem gerður var 2018 og töldu slíkt skref löngu tímabært.

Neytendasamtökin minna á að þegar samningurinn var samþykktur var honum ekki mótmælt af hagsmunasamtökum bænda enda fól samningurinn í sér aukin tækifæri í útflutningi á íslenskum landbúnaðarafurðum. Gott ef það var ekki beinlínis ósk bænda að fá aukinn aðgang að evrópskum mörkuðum. Aðstæður hafa vissulega breyst og hugmyndir um útflutning kannski ekki gengið eftir en þegar gerðir eru samningar sem þessir þá er verið að horfa til langs tíma. Ófært er ef hingla á í slíkum samningum eftir að þeir hafa verið staðfestir og þá einungis út frá því að aðstæður núna séu erfiðar þegar kemur að útflutningi. Neytendasamtökin efast ekki um að hægt sé að vinna markað fyrir hollar og heilnæmar innlendar afurðir en ef það tekst ekki er óeðlilegt að refsa neytendum fyrir það með breytingum sem ganga gegn hagsmunum neytenda.

Neytendasamtökin setja sig alfarið upp á móti því að gerðar verði breytingar á samningnum sem leiða til meiri tollverndar. Ef breyta ætti samningnum ætti að mati samtakanna að minnka tollvernd enn frekar.

Ef við á:

- **Hvert er mat ykkar á þróun innanlandsmarkaðar með landbúnaðarvörur til lengri tíma?**
Svar: höfum ekki forsendur til að meta það
- **Hvert er mat ykkar á þróun innlendarar framleiðslu og útflutningstækifæra til lengri tíma?**
Svar: